

AUGLÝSING

um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Selmerkurvegur, L125331, nýtt deiliskipulag frístundabyggðar – 530-F.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti 16. júní 2024, nýtt deiliskipulag við Selmerkurveg. Skipulagið felur í sér stofnun sex nýrra frístundahúsalóða þar sem heimilt verður að byggja allt að 130 m² hús með eða án gestahúss eða geymslu, í samræmi við heimildir í gildandi aðalskipulagi Mosfellsbæjar. Aðkoma er um Selmerkurveg frá Nesjavallavegi.

Reykjavegur 36, deiliskipulagsbreyting athafnasvæðis – 404-A.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti 21. júní 2024, deiliskipulagsbreytingu fyrir atvinnuhúsnæði að Reykjavegi 36.

Breytingin felur í sér stækkun byggingarreitar um 5 m til norðurs í átt að Reykjavegi og heimilar nýbyggingu allt að 225 m², fyrir tengigang og stigahús.

Ofangreindar skipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 12. júlí 2024,

Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 15. júlí 2024